

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar – okt 2007

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs eftir fyrstu tíu mánuði ársins liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu nam handbært fé frá rekstri um 51,2 ma.kr., sem er 2,4 ma.kr. aukning frá sama tíma í fyrra. Hreinn lánsfjárfjöfnuður er neikvæður um 11,9 ma.kr., sem er 58,6 ma.kr. lakari útkoma en í fyrra. Það skýrist að mestu leyti af 30,3 ma.kr. kaupum ríkissjóðs á hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun og eiginfjárukningu Seðlabanka Íslands með 44 ma.kr. eiginfjárramlagi. Tekjur án eignasölu reyndust 39,4 ma.kr. meiri en á sama tíma á síðasta ári.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar – október 2007 (Í milljónum króna)


	<u>2003</u>	<u>2004</u>	<u>2005</u>	<u>2006</u>	<u>2007</u>
Innheimtar tekjur	211.559	228.745	336.643	308.354	353.950
Greidd gjöld	218.708	233.304	256.585	258.824	295.857
Tekjujöfnuður	-7.149	-4.558	80.058	49.530	58.093
Söluhagn. af hlutab. og eignahl.	-12.013	0	-58.033	-384	-6.170
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	23	1.710	-1.731	-356	-695
Handbært fé frá rekstri	-19.139	-2.848	20.294	48.791	51.229
Fjármunahreyfingar	20.614	9.273	48.377	-2.006	-63.097
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	1.475	6.425	68.671	46.785	-11.868
Afborganir lána	-30.654	-30.856	-61.557	-41.565	-33.503
Innanlands	-18.204	-5.678	-14.064	-18.695	-22.271
Erlendis	-12.450	-25.178	-47.493	-22.873	-11.232
Greiðslur til LSR og LH	-6.250	-6.250	-3.300	-3.300	-3.300
Lánsfjárfjöfnuður. brúttó	-35.429	-38.680	3.814	1.920	-48.671
Lántökur	27.439	30.408	9.048	25.961	58.383
Innanlands	22.225	13.136	9.048	21.345	58.206
Erlendis	5.214	17.272	-	4.616	177
Breyting á handbæru fé	-7.989	-272	12.862	27.882	9.712

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 354 ma.kr. á fyrstu tíu mánuðum ársins. Það er 45,6 ma.kr. aukning frá sama tíma í fyrra, eða 13% sé óreglulegum tekjum sleppt. Ef tekið er tillit til tilfærslu milli mánaða vegna tekjuskatts lögaðila í ársbyrjun 2006 nemur aukningin 16%, en tölurnar hér á eftir taka mið af henni. Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um 13,2% að nafnvirði. Á sama tíma hækkaði almennt verðlag um 5% og raunaukning skatttekna og tryggingargjalda var því 7,8%. Aukning annarra rekstrartekna um 29,2% milli ára skýrist að mestu með vaxtatekjum af skammtímalánum, en þær uxu um 109%.

Skattar á tekjur og hagnað námu 113,5 ma.kr. og jukust um rúma 19 ma.kr. frá síðasta ári, eða 20,6%. Þar af jókst tekjuskattur einstaklinga um 8,1%, tekjuskattur lögaðila jókst um 40,3% og fjármagnstekjuskattur um 48,5%. Innheimt tryggingagjöld jukust um 5,9% milli ára á meðan launavísitalan hækkaði um 9,1%, en þess bera að gæta að skatthlutfallið lækkaði á milli ára úr 5,79% í 5,34%. Innheimta eignarskatta nam 9,5 ma.kr. og jókst um 24,9% frá sama tímabili í fyrra. Þar af námu stimpilgjöld 7,7 ma.kr. en innheimta þeirra á árinu hefur aukist um rúmar 1.700 milljónir frá fyrra ári.

Innheimta almennra veltuskatta gefur nokkuð góða mynd af þróun innlendar eftirspurnar. Hún nam 159 ma.kr. á fyrstu tíu mánuðum ársins og jókst um 8,3% að nafnvirði frá fyrra ári eða 3,2% umfram hækkan vísitölu neysliverðs. Tekjur af virðisaukaskatti hafa aukist um 10,1% sem jafngildir 4,9% raunaukningu. Vegna lagabreytingar sem felur í sér rýmri greiðslufrest á virðisaukaskatti og aðflutningsgjöldum fer marktækni samanburðar við fyrra ár eftir því hvaða tímabil innan ársins er til skoðunar. Sé litið á síðustu mánuði, eða tímabilið frá því að lækkunar virðisaukaskatts þann 1. mars sl. tók að gæta til fulls í innheimtutölum, kemur fram hverfandi raunbreyting milli ára.

Eins og sést af myndinni hér að neðan þá er raunvöxtur veltuskatta í heild að aukast lítillega eftir verulegan samdrátt raunvaxtar árið 2006. Af einstökum liðum veltutengdra skatta er mest aukning í virðisaukaskatti og í sköttum á olíu og þungaskatti, eða um 10% en vörugjöld af ökutækjum drógust hins vegar saman um 0,1% milli ára.



Greidd gjöld nema 295,9 ma.kr. og hækka um 37 ma.kr. frá fyrra ári eða 14,3%. Mest aukning er vegna almannatrygginga- og velferðarmála 10,7 ma.kr. eða rúm 18%. Þar munar mest að lífeyrstryggingar hækka um 5,8 ma.kr. á milli ára, fæðingarorlofsgreiðslur um 2 ma.kr. og barnabætur um 1,1 ma.kr. Almenn opinber þjónusta hækkar um 6,4 ma.kr. eða um 20%. Þar hækka vaxtagjöld mest af einstökum liðum eða um tæpa 3 ma.kr. Þar munar mestu að á þessu ári kom til greiðslu fyrsti gjalddagi nýrra ríkisbréfa og voru vextir vegna þessa 1,4 ma.kr. Aukning útgjalda til heilbrigðismála milli ára er 7,4 ma.kr., til efnahags- og atvinnumála 5,4 ma.kr. og til menntamála 3,6 ma.kr.

Lánsfjárförf ríkissjóðs fyrstu tíu mánuði ársins nam 48,7 ma.kr. í heild, en hrein lánsfjárförf var 11,9 ma.kr. Afborganir lána fyrstu tíu mánuðina eru 33,5 ma.kr., þar af hafa 11,2 ma.kr. verið greiddir upp af erlendum lánnum. Heildarlántökur tímabilsins nema 58,4 ma.kr. og er allt tekið að láni innanlands. Annars vegar er um að ræða skuldabréfaútgáfu vegna kaupa ríkisins á 50% hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun og hins vegar útgáfu á ríkisbréfum og ríkisvixlum.

Tekjur ríkissjóðs janúar – október 2007

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2005	2006	2007	2005	2006	2007
Skatttekjur og tryggingagjöld	256.866	287.295	321.457	20,8	11,8	11,9
Skattar á tekjur og hagnað	81.199	97.368	113.498	27,3	19,9	16,6
Tekjuskattur einstaklinga	55.020	62.249	67.304	10,0	13,1	8,1
Tekjuskattur lögaðila	8.437	17.129	19.480	61,0	103,0	13,7
Skattur á fjármagnstekjur	17.741	17.990	26.714	108,4	1,4	48,5
Eignarskattar	12.114	7.627	9.527	7,2	-37,0	24,9
Skattar á vöru og þjónustu	133.175	146.878	159.070	19,8	10,3	8,3
Virðisaukaskattur	91.389	101.916	112.221	20,2	11,5	10,1
Vörugjöld af ökutækjum	8.605	8.883	8.873	68,9	3,2	-0,1
Vörugjöld af bensíni	7.468	7.436	7.637	4,7	-0,4	2,7
Skattar á olíu	3.949	5.577	6.141	-15,3	41,2	10,1
Áfengisgjald og tóbaksgjald	8.948	9.291	9.745	6,2	3,8	4,9
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	12.815	13.776	14.452	29,9	7,5	4,9
Tollar og aðflutningsgjöld	2.775	3.357	4.357	11,0	21,0	29,8
Aðrir skattar	1.385	1.504	2.628	10,6	8,6	74,8
Tryggingagjöld	26.219	30.560	32.377	15,7	16,6	5,9

Fjárframlög	339	1.207	930	16,2	255,8	-22,9
Aðrar tekjur	21.407	19.072	24.632	39,5	-10,9	29,2
Sala eigna	58.031	781	6.931	-	-	-
Tekjur alls	336.642	308.354	353.950	47,2	-8,4	14,8

Gjöld ríkissjóðs janúar – október 2007

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2005	2006	2007	2006	2007
Almenn opinber þjónusta	37.902	31.847	38.204	-16,0	20,0
Þar af vaxtagreiðslur	16.825	8.592	11.541	-48,9	34,3
Varnarmál	218	487	668	123,3	37,2
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	9.513	11.262	12.995	18,4	15,4
Efnahags- og atvinnumál	20.877	35.695	41.125	71,0	15,2
Umhverfisvernd	2.521	2.835	3.280	12,4	15,7
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	348	333	355	-4,1	6,7
Heilbrigðismál	68.822	69.424	76.850	0,9	10,7
Menningar-, íþrótt- og trúmál	10.162	11.422	13.095	12,4	14,6
Menntamál	25.312	28.528	32.097	12,7	12,5
Almannatryggingar og velferðarmál	56.744	59.331	70.065	4,6	18,1
Óregluleg útgjöld	11.135	7.660	7.124	-31,2	-7,0
Gjöld alls	243.554	258.824	295.857	6,3	14,3